



# Tannlæknafélag Íslands

Fréttabréf 1. tbl. janúar 2010

## "Á jaðri fagsins" Janúarkúrs dagana 15. og 16. janúar 2010 í félagsheimili tannlækna

Föstudagur 13.00-14.00	Hádegisverður
14.00-14.40	<b>Júlíus Schopka</b> <i>Nýjasta nýtt í lyfjafræði fyrir tannlækna</i>
14.40-15.10	<b>Svend Richter</b> <i>Skinnur við kæfisvefni og hrotum</i>
15.10-15.40	Kaffi
15.40-16.10	<b>Jón Bragi Bergmann</b> <i>Róandi lyf og svæfingar í tannlæknapraxis</i>
16.10-16.55	<b>Guðmundr Á Björnsson</b> <i>Græðsla tanndráttarsár og „Dry Socket“</i>
17.00	<b>Móttaka hjá Lúkasi D Karlssyni</b> Síðumúla 27a, 108 Reykjavík
<i>Laugardagur</i> 09.00-09.30	Morgunverður
09.30-10.30	<b>Hjördís Harðardóttir hrl.</b> <i>Lagaumhverfi tannlækna gagnvart sjúklíngum</i>
10.30-11.00	Kaffi
11.00-11.40	<b>Sigríður Sverrisdóttir</b> <i>Skyndihjálpar og bráð veikindi.</i> <i>Sykursýki, flog, öndunarerfiðleikar (astmi),</i> <i>Brjóstverkur, bráðaofnæmi</i>
11.40-11.10	<b>Ragnar Önundarson</b> <i>Grísk goðafræði og nútíminn.</i> <i>Gömul fræði duga enn í dag.</i> <i>lokín verður spjallað dálítið um "HRUNID"</i>

**Millifærið inn á reikning TFÍ:  
513 26 409111 kt. 570570-0139  
Þátttökugjald kr. 10.000**

**Munið að skrá ykkur tímalega, greiðsla er sama og skráning**

**Félagsfundur verður haldinn í Tannlæknafélagi Íslands  
í félagsheimilinu að Síðumúla 35, fimmtudaginn 14. janúar 2010**

**Dagskrá félagsfundar hefst kl. 20.00  
Stefnumótun Tannlæknafélags Íslands í tannheilsumálum barna.**

**Félagsmál  
Önnur mál**


## Áríðandi skilaboð til tanngolfara varðandi lyfið Stilnoct.

Borið hefur á undarlegri hegðun golfara og þá sérstaklega hinum fræga Tiger Woods. Möguleg skýring á þessari ómeðvitaðri hegðun er inntaka lyfsins Ambien en upplýst er að Tiger Woods hefur tekið þessar töflur í ótæpilegu magni. Sérlyfið Ambien, eins og það er markaðssett vestanhafs, inniheldur virka efnið zolpidem og er lyfið þekkt hér á landi undir heitinu Stilnoct. Lyfið er notað við tímabundnu svefnleysi og hefur skjóta verkun. Í lyfjaupplýsingum með lyfinu sem hægt er að nálgast á heimasíðu Lyfjastofnunar kemur margt forvitnilegt í ljós. Hér er birt orðrétt upp úr þessum upplýsingum.

Liður 4.8 Aukaverkanir: „Vísbendingar eru um skammtaháð samband milli aukaverkana, sem tengjast notkun zolpidems, sérstaklega ákveðin áhrif á miðtaugakerfi. Þær koma oftast fram hjá eldri sjúklingum. Hefur verið greint frá aukaverkunum s.s. meltingartruflunum, breytingu á kynhvöt og húðsvörunum. Framvirkt minnisleysi getur komið fram við notkun meðferðarskammta, hættan eykst við hærri skammta. Áhrif minnisleysis getur tengst óviðeigandi athöfnum“.

Lyfið Stilnoct er eitt af þeim lyfjum sem tannlæknar mega ávísa, hvort heldur sem er sjúklingum sínum eða sér sjálfum og því mikilvægt að þeir séu upplýstir um virkni þessa lyfs og áhrif þess á t.d. golfara, eldra fólk og athafnir þeirra. Rétt er að benda á dreifibréf frá Landlæknisembættinu nr. 5/2009 en með nýlegum lögum um landlækni er heilbrigðisstarfsmönnum gert skylt að tilkynna um óvænt atvik á þar til gerðu eyðublaði. Ég vil því biðja tanngolfara að vera á varðbergi gagnvart þessum áhrifum.

Sigurður Benediktsson



## TIL LEIGU – 215 FM TANNLÆKNASTOFA Í SÍÐUMÚLA 28, REYKJAVÍK

Fasteignafélagið Klasi ehf auglýsir til leigu fullbúna tannlæknastofu í Síðumúla 28 frá og með febrúar 2010. Stofan er alls 215 fm og mjög smekklega innréttuð með þremur stofum auk tannsmíðaverkstæðis. Stækkunarmöguleiki er fyrir hendi. Húsnæðið er í mjög góðu standi bæði innan- sem utanhúss. Staðsetningin er frábær og aðgengi gott. „Hagstæð kjör hjá traustum leigusala“



Allar nánari upplýsingar gefur:

Halldór Eyjólfsson

GSM: 663-2028/ S: 578-7000

[halldor@klasihf.is](mailto:halldor@klasihf.is)

[www.klasihf.is](http://www.klasihf.is)

**KLASI**

## Félagsfundargerð TFÍ 10. 12. 2009 Fyrirlestur:

Rúnar Vilhjálmsson prófessor sagði frá niðurstöðum sínum varðandi útgjöld heimil-anna til heilbrigðismála þar sem við tannlækningar koma við sögu. Fyrirlesturinn byggist á grein hans í Læknablaðinu no. 10 2009. Heiti fyrirlestursins var: „Heil-brigðisútgjöld og frestun tannlæknisþjónustu í Heilbrigðiskerfinu“ Tilgangur rann-sóknar Rúnars var kanna þróun heilbrigðisútgjalda heimilanna. Niðurstöðurnar voru að: Raunútgjöld heimila vegna heilbrigðismála jukust um 29% frá 1998 til 2006. Stærstu útgjaldaliðir 2006 voru lyf og tannlæknisþjónusta.

Kostnaðarbyrðin var þyngst meðal kvenna, yngra og eldra fólks, einhleypra og fráskilinna, minni heimila, fólks utan vinnumarkaðar og atvinnulausra, fólks með litla menntun og lágar tekjur, langveikra og öryrkja. Minnst var raun aukning heilbrigðis-útgjalda heimilanna í tannlæknisþjónustu (15%). Það er skoðun Rúnars að, stjórn-valdsákvæðanir er varða hækkanir á komugjöldum og öðrum þjónustukostnaði sjúklinga og takmarkanir á endurgreiðslu vegna lyfja séu iðulega teknar án þess að fram fari greining á áhrifum breyttrar skipunar, meðal annars með tilliti til kostnaðar sjúklinga og aðgengis að þjónustu.

Rúnar telur fulla ástæðu til að endurskoða tryggingavernd mismunandi hópa við læknis- og tannlæknisþjónustu, þjálfun og lyfjakostnað. Jafnframt er þörf á að leiðrétta það misræmi að tryggingaverndin fer eftir því til hvaða starfsstéttar í sérfræðiþjónustu sjúklingar leita. Nægir þar að nefna misræmið í tryggingaverndinni þegar farið er til tannlæknis eða einhvers sérfræðilæknis.

Félagsmál:

Í nýju frumvarpi um heilbrigðisstarfsmenn er gert ráð fyrir rýmkun á núgildandi reglum um upplýsingar, kynningar og auglýsingar frá tannlæknum. Í 24. grein frumvarpsins stendur einungis. „Við kynningu heilbrigðisþjónustu og auglýsingar skal ávallt gætt málefnaþgra sjónarmiða, fyllstu ábyrgðar, nákvæmni og sanngirni.“ Eftir samþykkt frumvarpsins má búast við að fleirri tannlækna noti sér netið til þess að kynna þjónustu sína. Nú fær vefsíða TFÍ 100 heimsóknir á dag. Margir þess erindis að leita sér tannlæknis.

Formaður skýrði frá fundum sínum og stjórnarinnar í Heilbrigðisráðuneyti, með ráðherra og í Sjúkratryggingum Íslands. Ekkert kom út úr þeim fundum. Formaður ætlar að hafa samband við Forstjóra SjtR um orðalagsbreytingu á „litla samningnum“ og framtíð samningsins. Það er skoðun stjórnar TFÍ að hugmynd Ráðuneytisins um kerfi (Magnúsar R. Gíslasonar) sem gerir ráð fyrir að hvert barn hafi sinn ábyrgðar-tannlækni sé gott. Það er svo á ábyrgð stjórnvalda, Ráðuneytis og Lýðheilsustöðvar, að upplýsa og hvetja börn til þess að fara til tannlæknis. Svo virðist sem upplýsingaflæðið frá SjtR/Tryggingatannlækni til Lýðheilsustöðvar sé ekki nógu skilvirkt. Skv. upplýsingum SjtR (Reynis) hafa 55% barna skilað sér en 70% skv. Lýðheilsustöð (Hólmfríður). Það er á ábyrgð stjórnvalda að finna leiðir til þess að ná til þeirra barna sem skila sér ekki.

Formaður gerði grein fyrir því að ekki fengist meira en 2% hækkun á forvarnar-samningnum út samningstímabilið til ársloka 2010. Verst er að ekkert er að gerast í tannheilbrigðismálum, þó að það virðist vera afgangur

á fjárlögum frá fyrri árum af því fé sem ætlað er til tannlækninga.

Í Ráðuneytinu er á borðinu sú hugmynd, að hvert barn/unglingur sem á rétt til endurgreiðslu fyrir tannlækningar skv. lögum fái fasta upphæð að styrk fyrir tannlæknisþjónustu. Hugmynd Ráðuneytisins er að eiginreiðsla sé kr. 5000 á ári og að innifalið verði forvarnar, skoðun, aðlögun, röntgenmyndir og allar tannviðgerðir. SjtR geri síðan samning við tannlækna um mismuninn og borgi tannlæknum fasta upphæð fyrir hvert barn, óháð því sem gert er. Ekki er ljóst hver sú upphæð er sem Ríkið er tilbúið til að greiða.

Í framhaldi af þessu voru rædd samskiptin við stjórnvöld og „litla samningurinn“. Hvert verður framhaldið. Samningar? Hvaða kerfi? Capitation, Fee for Service, Svissneska leiðin eða óbreytt ástand. Kemur tannlæknum endurgreiðsla ríkisins ekkert við? Formaður skýrði frá því að stjórnin hefur ákvað að setja á laggirnar vinnuhóp með fulltrúum frá THÍ og TFÍ ofl. til þess að móta tillögur um tannheilsuna og óskir um aðkomu stjórnvalda. Gott er að nota til þess tímunn í kring um jánúarkúrsus. Stjórnarmenn koma með tillögur um nefndarmenn næstu daga.

Um samninga og capitationskerfi tóku til máls Kristín Gígja Einarsdóttir, Helga Ágústsdóttir, Börkur Thoroddsen, Hólmfríður Guðmundsdóttir og Elín Sigurgeirs-dóttir auk Petru Sigurðardóttur og Magnúsar R. Gíslasonar sem komu með tilligg úr sætum sínum. Stjórnsýslutannlækna sjá helst kostina við capitationskerfið. Þeir sem eru með vota fingur inni á eigin stofum hugnast kerfið ekki. Fram kom að um 40 tannlækna hafa sagt „litla samningnum“ upp. Ein af þeim var Elín sem aðspurð skýrði ástæður uppsagnarinnar.

Hrönn Róbertsdóttir kvað félgsfundina leiðinlega. Trygginga og samningamál væru á dagskrá ár eftir ár og ekkert þokaðist. Það skýrði lélega fundarsókn. TFÍ ætti frekar að leggja áherslu á innra starf.

Að lokum var endursýnd vídeomyndin „kokkur á slóð útrásarvíkinganna, en myndin var frumsýnd á Árshátíð félagsins 14. nóv. 2009.

Börkur Thoroddsen

## VEIT PUNKTAR

**Vinsamlega sendið skrifstofu upplýsingar, vegna endurmenntunar sem þið hafið sótt 2008 og 2009.**

**VEIT merkingar (Virg endurmenntun íslenskra tannlækna) í símaskrá þurfa að berast fyrir miðjan janúar.**

**tannsi@tannsi.is  
fax: 575-0501**

## Stefnumótun félagsins á nýju ári til eflingar tannheilsu íslenskra barna

Við höfum undanfarin ár séð smám saman hvernig endurgreiðslukerfi sjúkratrygginga hefur misst marks við að tryggja börnum á Íslandi jafnt aðgengi að tannheilsugæslu. Nú er svo komið að kerfið er ónýtt og jafnvel viðheldur versnandi tannheilsu í það minnsta ákveðins hóps barna.

Stjórnvöld hafa undanfarið viðrað þá hugmynd að koma á svokölluðu Capitationskerfi (ábyrgðartannlæknaakerfi) yfir tannlækningar barna. Þetta kerfi gengur út á það að föst upphæð er greidd á ári fyrir hvert barn sem á að duga fyrir alla þá meðferð sem barnið þarf það árið. Hér vakna margar spurningar og höfum við í stjórninni verið að skoða þetta kerfi síðustu vikur. Eftir að hafa velt fyrir okkur kostum og göllum þessa kerfis, höfum við í stuttu máli komist að því að þetta sé ekki fýsilegur kostur. Ég hef skýrt bæði Sjúkratryggingum Íslands og Álfheiði Ingadóttur heilbrigðisráðherra frá þessari niðurstöðu. Samhliða þessu hefur stjórn tannlæknafélagsins myndað breiðan hóp tannlækna til að vinna að stefnumótun fyrir félagið og er ætlunin að kynna þá vinnu á félagsfundum sem verður haldinn fimmtudaginn 14. janúar næstkomandi. Hópurinn hefur verið í rafrænum samskiptum (!) og einnig hist í félagsheimilinu á fundum. Mikilvægt er fyrir okkur að koma með fastmótaðar tillögur sem hægt væri að kynna fyrir yfirvöldum sýna þannig frumkvæði að lausn þessara mála.

Hvað forvarnarsamninginn varðar hefur stjórnin TFÍ fundað nýlega með Sjúkratryggingum Íslands þar sem forvarnarsamningurinn var ræddur. Eins og kemur fram í samningnum eiga tannlækna að skila frá og með 1. janúar 2010 rafrænum upplýsingum um tannheilsu barna og er það forsenda greiðslu S.Í. á reikningum tannlækna. Ekki kemur til greina af hálfu S.Í. að hætta við skráningu á tannheilsu barna en ef tannlækna geta ekki sent skráninguna rafrænt og hafa til þess málefnaegar ástæður eru þeir tilbúnir að finna lausn á málinu með hluteigandi tannlækni. S.Í. hafa sagt að þetta eigi ekki að geta orðið vandamál. Stjórn félagsins ítrekar við þá sem eru aðilar að samningnum að lesa hann vel yfir og þau ákvæði sem menn skuldbinda sig til að hlýta. S.Í. eru tilbúnar að breyta orðalagi rammasamnings þannig að hann sé í takt við fyrri samning sem Tannlæknafélag Ísland gerði við heilbrigðisráðuneytið árið 2007. Einnig er ætlunin að ganga fljótlega frá samstarfssamningi við S.Í. þannig að við getum unnið sameiginlega úr þeim upplýsingum sem koma á grundvelli samningsins og hver næstu skref verða í samskiptum við S.Í. Þetta teljum við í stjórn TFÍ gríðarlega mikilvægt þar sem við setjum ákveðna fyrirvara við þær niðurstöður sem koma út úr skráningunni en nú mæta til tannlækna líklega aðeins þau börn sem eru best sett og því ekki hægt að bera saman við t.d. MUNNÍS rannsóknina sem var unnin úr slembiúrtaki 20% barna þjóðarinnar.

Sigurður Benediktsson formaður

### Til sölu

Innbú tannlæknastofa til sölu.

Þar í eru:

2 unit FLEX

1 Röntgentæki

Loftpressa

Sogmótor

Kæliskápur (lítill borðskápur)

Skjalaskápur

Handverkfæri

Innréttingar og efni og allt til tannlækninga.

**Upplýsingar í síma 895-0241**

### Á DÖFINNI

Tannlæknafélag Norðurlands í samvinnu við TFÍ heldur Skíða- og fræðsluþing ásamt félagsfundum á Akureyri dagana 12. og 13. mars á Hótel KEA

Nánar auglýst síðar.

### Rekstrarnámskeið Tannlækningastofnunar

Námskeiðið verður haldið 12. og 13. febrúar 2010

Flestir tannlækna eiga og reka eigin stofu og þurfa því að kunna skil á slíkum rekstri. Í námi sínu læra þeir m.a. um sjúkdóma og meðferð, en ekkert um lög og reglur eða stjórnun og fjárhagslegan rekstur fyrirtækja. Námskeiðinu, sem nú verður haldið í þriðja sinn, er því ætlað að bæta úr brýnni þörf nýútskrifaðra og eldri tannlækna fyrir viðtæka fræðslu um þetta mikilvæga efni. Námskeiðið verður haldið í húsakynnum Arion banka í Borgartúni 19, en bankinn er aðalstyrktaraðili námskeiðsins ásamt Tannlæknafélagi Íslands.

Upplýsingar gefur Teitur Jónsson tj@hi.is

### Leiðbeiningar eða upplýsingar til sjúklinga til birtingar á heimasíðu

Sú hugmynd er til skoðunar að hafa aðgengilegar á læstu vefsvæði félagsmanna eyðublöð ýmis konar sem tannlækna nota í starfi sínu. Þetta geta verið staðreyndir, leiðbeiningar, ábyrgðarskírteini og skjöl um upplýst samþykki.

**Skrifstofa TFÍ kallar því eftir eyðublöðum frá tannlæknum sem þeir nota á stofum sínum og sem gætu nýst í þessa vinnu.**

### Eldri kollegar og viðburðir á vegum TFÍ.

Á stjórnarfundum 10. desember sl. var samþykkt eftirfarandi: „Þeir tannlækna, sem eru hættir störfum og greiða ekki árgjald og eru orðnir 65 ára er frjálst þátttaka í ársþingi og námskeiðum. Ef pláss leyfir skulu þeir eingöngu greiða kostnaðarverð af máltíðum og öðrum veitingum. Sá kostnaður er áætlaður fjórðungur þátttökugjalds“

### Tannlæknastofa til leigu

Til leigu að Hlíðasmára 17, Kópavogi  
Tannlæknastofa – stór praxis,  
góð verkefnastaða.

Hanna K. Pétursdóttir  
Gsm 695-1260